

Fundargerð BRÚAR

2. fundur Brúar, umræðuvettvangs um skólamál, var haldinn miðvikudaginn 27. febrúar kl. 16:00 – 18:00 í salnum að Fríkirkjuvegi 1.

Fundarstjóri var Hildur Skarphéðinsdóttir, skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu og fundargerð ritaði Laura Bergs.

Fundinn sóttu u.þ.b. 50 manns.

Fundarstjóri bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

- 1) Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, aðstoðarskólastjóri í Álfstanesskóla kynnti hugmyndafræðina **Uppeldi til ábyrgðar** – uppbygging sjálfsaga, sem unnið er með í skólanum.
- 2) Margrét Birna Þórarinsdóttir, sálfræðingur við Þjónustumiðstöð Breiðholts kynnti **PBS kerfið Positive Behavior Support** – Stuðning við jákvæða hegðun.
- 3) Fulltrúar tveggja leikskóla og tveggja grunnskóla sem vinna samkvæmt þeim stefnum sem kynntar voru sögðu frá því hvernig þær hagnýtast í skólastarfi.
 - i. Kristín Elísabet Pálsdóttir, leikskólastjóri í leikskólanum Laut í Grindavík sagði frá því hvernig unnið er með **Uppeldi til ábyrgðar** í leikskólanum.
 - ii. Hulda Magnúsdóttir og Bergey Hafþórsdóttir, deildarstjórar í leikskólanum Suðurborg sögðu frá því hvernig unnið er með **PBS kerfið** í leikskólanum.
 - iii. Jóhanna Gestsdóttir kennari og teymisstjóri í Seljaskóla sagði frá verkefninu **SÁTT** (sambland af PBS og Olweus) sem unnið er eftir í skólanum. SÁTT er fengið úr einkunnarorðum Seljaskóla, þ.e. Samvinna, Ábyrgð, Traust og Tillitsemi.
 - iv. Bára Jóhannsdóttir, deildarstjóri í Foldaskóla sagði frá því hvernig unnið er með hugmyndafræðina **Uppeldi til ábyrgðar** í skólanum.
- 4) Þegar fyrirlesarar höfðu lokið máli sínu sköpuðust líflegar umræður og margar fyrirspurnir bárust.
- 5) Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum áhugaverðan fund og minnti á að glærur fyrirlesara væru aðgengilegar á heimasíðu sviðanna, www.leikskolar.is og www.grunnskolar.is.

Fundi slitið kl. 18:10.